

Nd. **280. Frumvarp til laga** **[159. mál]**

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

2. másl. 1. gr. laganna orðist svo:
Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfi-
legs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

2. gr.

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:
Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki
beggja, ráðherra og bankaráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr.
97 20. des. 1972.